

1. Almenn:

Samherji fiskeldi ehf. (kt. 610406-1060), Glerárgötu 30, 600 Akureyri, er með 1600 tonna rekstrarleyfi (RS-1058/A946) til landeldis á laxi, bleikju, sandhverfu og lúðu í eldisstöð að Núpsmýri, 671 Kópaskeri. Fyrirtækið sótti um stækkun leyfisins í 3000 tonn fyrir seiða- og matfiskeldi á lax og bleikju, dags. 12. desember 2017.

Fiskeldisstöð Samherja fiskeldis að Núpsmýri er landeldi með frárennsli í árósa jökulárinnar Brunnár. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að í öllum kerum verða ristar til að hindra að fiskur geti komist úr kerunum og nú eldisker þar að auki útbúin með tromlufilterum. Frárennsli stöðvarinnar fer í settjörn og við enda hennar er rist sem vatnið rennur um áður en það fer í Brunná. Óverulegar líkur eru taldar á slysasleppingu úr stöðinni þegar tillit er tekið til búnaðar í kerum og í frárennsli stöðvarinnar.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna aukins lífmassa á eldi Samherja fiskeldis úr 1600 tonnum í 3000 tonn kemur fram að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felist í auknu magni næringarefna sem berast í viðtakann og óvissu um áhrif á fornminjar á framkvæmdarsvæði. Stórar lífrænar leifar frá eldinu verða skildar frá eldisvatni sem rennur frá stöðinni með tromlufilterum og því munu einungis uppleyst næringarefni berast til Brunnár. Frárennsli frá eldisstarfsemi að Núpsmýri liggur í Brunná stutt frá ósi hennar og er þar hröð þynning næringarefna enda vatnsrennslið margfalt á við frárennslið. Hvað varðar fornminjar þá hefur framkvæmdaaðili fengið fornleifafræðing til þess að skrá fornleifar á svæðinu og leitað verður eftir fengnu leyfi Minjastofnunar Íslands. Þá telur Skipulagsstofnun að búnaður stöðvarinnar sé nægilegur til að óverulegar líkur séu á að eldisfiskur sleppi og blandist við villta fiska.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8. gr. laga 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 20. maí til 20. júní 2020 og ein athugasemd barst vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmd Samherja fiskeldis að Núpsmýri var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 7. mars 2017. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna mögulegrar matsskyldu til Skipulagsstofnunar þann 27. mars 2017 þess eðlis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Matvælastofnun gerði ekki athugasemd við framkvæmdina. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfir stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum og slysasleppingum. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 9. júlí 2017 þess eðlis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Samherja fiskeldis að Núpsmýri, Öxarfirði, er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna leyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og Norðurþingi þann 13. mars 2019 vegna aukningar á framleiðslu Samherja fiskeldis að Núpsmýri í Öxarfirði.

Í umsögn Fiskistofu, sem barst 8. maí 2019, kemur fram að sú hætta sem einkum kann að hljóta af rekstri seiðaeldisstöðvarinnar í Núpsmýri sé að eldisfiskar kunni að sleppa frá stöðinni og valda neikvæðum vistfræðilegum áhrifum á náttúrulega stofna. Fiskistofa bendir á að Brunná sé þekkt silungsveiðiá og því

mikilvægt að hugað verði að því að búnaður við affall stöðvarinnar lágmarki líkur á slysasleppingum. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, sem barst 22. mars 2019, kemur fram að stofnunin telji áhrif starfseminnar á vistfræði umhverfisins séu hverfandi en áréttar mikilvægi þess að öruggur búnaður sé á frárennsli sem kemur í veg fyrir að seiði eða fiskar sleppi út í viðtakann. Í umsögn Norðurþings sem barst 1. apríl 2019, kemur fram að ekki sé í gildi deiliskipulag fyrir framkvæmdarsvæðið sem sé forsenda fyrir þeirri uppbyggingu sem fyrirhuguð er. Landeigandi á Núpum hafi bent á að byggt hafi verið út fyrir umsamin lóðarmörk vegna fiskeldis í Núpsmýri. Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings telur mikilvægt að fengin verði niðurstaða í lóðarmál fyrirtækisins áður en til frekari uppbyggingar kemur. Að auki kemur fram í umsögn Norðurþings að landeigendur á svæðinu telji að vatnsnotkun fiskeldis hafi þegar valdið niðurdrætti á grunnvatni í Núpsmýri og telur skipulags- og framkvæmdaráð að gera þurfi skýrari grein fyrir mögulegum auknum niðurdrætti grunnvatnsyfirborðs vegna aukinnar vatnstöku. Vegna þessara tveggja athugasemda taldi sveitafélagið Norðurþing sér ekki fært að veita jákvæða umsögn um aukningu framleiðslu fiskeldis í Núpsmýri á þessi stigi. Matvælastofnun barst viðbótarumsögn frá Norðurþingi þann 17. apríl 2019 þar sem fram kemur að forsvarsmenn Samherja fiskeldis hafi mætt á fund og gert grein fyrir sjónarmiðum fyrirtækisins vegna fyrri bókunar sveitafélagsins. Vegna yfirlýsingar forsvarsmanna Samherja fiskeldis þess eðlis að ekki verði um aukna grunnvatnstöku að ræða samfara stækkun fiskeldisins veitir skipulags- og framkvæmdaráð jákvæða umsögn um fyrirhugaða stækkun fiskeldis í Núpsmýri að því gefnu að forsvarsmenn Samherja fiskeldis og landeigendur á svæðinu nái samkomulagi um stækkun lóðar fyrirtækisins.

Gerð er krafa um að fiskeldisstöðvar á landi séu útbúnar búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Fiskheldni stöðvarinnar að Núpsmýri er góð skv. þeim upplýsingum sem liggja fyrir og fram koma hér að ofan. Allt frárennsli frá kerjum rennur í gegnum ristar til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi og ný ker eru þar að auki útbúin með tromlufilterum. Allt frárennsli frá stöðinni fer um settjörn og viðenda hennar er rist sem vatnið rennur um áður en það fer út í viðtakann. Varðandi heimild umsækjanda til nýtingar á landi umfram tvo hektara, þá liggur fyrir að fiskeldisstöðin hefur verið starfrækt um áratuga skeið innan girðingar sem sett var upp af hálf fyrirtækisins án þess að ágreiningur hafi komið fram vegna þess. Við útgáfu nýs rekstrarleyfis verða ekki gerðar neinar breytingar á stærð þess lands sem notað verður undir starfsemina og því telur stofnunin að ósamræmi það sem fram kemur í skilríki sem umsækjandi hefur lagt fram og raunverulegri landnotkun hans, komi því ekki í veg fyrir útgáfu leyfisins. Að þessu sögðu vill stofnunin áréttta að komi til ágreinings milli leyfishafa og jarðareiganda um gildi leigusamningsins, hvort sem það varðar framlengingu á samningnum eða umfang á stærð hins leigða lands, er rekstrarleyfið ávallt bundið því að á hverjum tíma sé til staðar gilt skilríki fyrir notkun á landi undir fiskeldisstöð fyrirtækisins. Komi til þess að samningi verði rift, hann renni sitt skeið á enda eða að leyfishafi verði talin vera í órétti varðandi nýtingu landsins, mun leyfið verða fellt úr gildi og starfsemin þar með sjálfhætt.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna rekstrarleyfistilögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun barst ein athugasemd við tillögu að rekstrarleyfi á auglýsingartíma. Athugasemdin var frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra sem gerir ekki athugasemd við tillöguna.

5. Breytingar frá auglýstri tillögu

Matvælastofnun hefur gert breytingar á áður auglýstri tillögu er snúa að ákvæði í tillögu að rekstrarleyfi varðandi notkun erfðavísa. Mun nú standa „Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggir á gagnagrunni um erfðaefni hjá framleiðanda hrogn.“

6. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Samherja fiskeldis. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 3000 tonn til seiða- og matfiskframleiðslu á laxi og bleikju að Núpsmýri í Öxarfirði.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi. Rekstrarleyfið gildir til 25. júní 2036.

Á sama tíma og rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1142) fellur úr gildi eldra rekstrarleyfi Samherja fiskeldis til 1600 tona landeldis á laxi, bleikju, sandhverfu og lúðu (FE-1058).

Selfossi, 25. júní 2020